



---

# LEIÐARVÍSIR OG GÁTLISTI UM JAFNRÉTTISUPPELDI Í LEIKSKÓLUM



GEFIÐ ÚT AF JAFNRÉTTISNEFND LEIKSKÓLA  
REYKJAVÍKUR

---

MAÍ 2005

Árið 2004 kom út jafnréttisáætlun Leikskóla Reykjavíkur sem gildir til tveggja ára. Í henni er að finna markmið með jafnréttisstarfi í leikskólum. Þessi bæklingur hefur að geyma nánari útfærslur sem tengjast jafnréttisuppeldi og útskýringar, hvers vegna mikilvægt er að huga að jafnrétti í starfi okkar með börnum á leikskólaaldri.

Árið 2000 voru samþykkt á Alþingi ný lög um jafnan rétt kynjanna og 19. gr. laganna hljóðar svo:

*Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.*

*Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skal leitast við kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf.*

*Gæta skal þess sérstaklega að kennslu og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.*

Í þessum bæklingi verður einungis fjallað um jafnrétti kynjanna í uppeldisstarfi í leikskólum, en umfjöllun um jafnrétti í víðara samhengi felur í sér að börnum og fullorðnum sé ekki mismunað vegna kynferðis, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, stjórnmalaskoðana, trúarskoðana eða annarra ástæðna.

Börn eru á næmiskeiði fyrir nám á leiksskólaaldri og því er það rétti aldurinn til þess að kenna þeim ýmsa færni. Mikilvægt er að hefja jafnréttisuppeldi strax á þessum mótunarárum, en þá er lagður grundvöllur að hlutverkaskilningi og kynjaviðhorfum. Stjórnendur og starfsfólk leikskóla er hvatt til þess að leggja áherslu á jafnrétti í námskrá sinni og samþætta þar með jafnréttishugmyndafræðina í allt leikskólastarf. Tilgangurinn er að efla bæði drengi og stúlkur sem heilstæða einstaklinga og auðga reynslu þeirra með því að brjóta upp hefðbundin kynjahlutverk. Til að ná fram jafnrétti er nauðsynlegt að taka tillit til ólíkra einstaklinga og gefa þeim tækifæri til að virkja þá eiginleika sem þeir búa yfir, óháð kyni.

## 1. Viðhorf og umgengisvenjur við drengi og stúlkur

Til eru margar rannsóknir sem sýna að við umgöngumst kynin á ólíkan hátt. T.d. hefur verið sýnt fram á að strákar fá almennt meiri hjálp (t.d. við að klæða sig) en stelpur og fá því meiri þjónustu, á meðan stelpur fá meiri kennslu í því að klæða sig sjálfar (sjá í Ole Bredesen). Með þessu verða strákarnir af kennslu í sjálfsbjörg, fínhreyfingum og samhjálp og allri þeirri þjálfun sem fram fer í uppeldisstarfinu fataherberginu.

Einnig hafa rannsóknir sýnt að kennarar beita röddinni á ólíkan hátt eftir því hvort talað er við stráka eða stelpur, á þann hátt að röddin er mildari þegar þeir tala við stelpur en stráka og meira er nostrað við stelpur (Elín G. Ólafsdóttir og Sigríður Jónsdóttir, 1994; sjá í Jafnréttishandbókinni).

Athygli og notkun á rými hefur líka verið mæld í rannsóknum sem sýna að drengir nota að jafnaði meira af rými skólans en stelpur. Yfirleitt eru það þó aðeins nokkrir drengir eða hluti drengjahóps sem tekur mest af rýminu. Sama kemur í ljós þegar athygli er skoðuð. Athygli kennarans er mun meira á strákum en á stelpum (Kleinfeld, Judith S. 1998 sjá í Jafnréttishandbókinni). Þetta leiðir til þess að stúlkur fara að upplifa sig síður mikilvægar.

Þetta eru aðeins fá dæmi af niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið á ólíkri framkomu kennara gagnvart drengjum og stúlkum en þær sýna fram á hve mikilvægt er að vera meðvituð/aður um þessar umgengisvenjur til að möguleikar barnanna séu ekki takmarkaðir. Mikilvægt er að gefa börnunum frelsi til rækta með sér alla mannlega eiginleika en ekki eingöngu þá eiginleika sem „tilheyra“ þeirra kyni.

### 1.1. Staðalmyndir

Staðalmyndir (stereotypes) eru einfaldar lýsingar sem notaðar eru um flókna hópa fólks. Þegar staðalmynd verður til, gerir hún ráð fyrir að allir í tilteknum hópi hafi viss einkenni (Tesser, 1995). Staðalmyndir eru algengar gagnvart fólki frá öðrum menningarheimum en maður sjálfur tilheyrir, en eru líka algengar gagnvart t.d. konum og karlmönnum, fötluðum og öldruðum.

Rannsóknir benda til þess að börn fara að taka eftir mun á fólki, flokka það og dæma mjög snemma á lífsleiðinni. Viðhorf þeirra og sjálfsmynd mótast í samræmi við þroska þeirra. Ríkjandi staðalmyndir og fordómar í samfélaginu hafa áhrif á

sjálfsmynd barna og viðhorf þeirra til annarra. Viðhorf barna mótast af hegðun og tali fullorðinna. Þau mótast einnig af myndum sem þau sjá í fjölmiðlum, bókum, leikföngum og ýmsu sem þau heyra. Það sem börn sjá ekki mótast einnig skilning þeirra á samfélagi sínu og veröldinni. Kennarar hafa valdamikla stöðu gagnvart börnum og þurfa stöðugt að skoða eigin viðhorf og meta hvernig þau berast til barnanna.

Við hneigjumst stundum til að leita skýringa á hegðun drengja í eðli þeirra „svona eru nú bara strákar“. Þá er hegðun drengja útskýrð með karllegu eðli sem stelpur hafi ekki. Við hneigjumst oft t.d. til að telja stráka árásargjarnari og seinþroskaðari en stelpur og teljum það starfa af líffræðilegum orsökum. En skýringar á eðli drengja má einnig leita í umhverfinu, þ.e. hvernig komið er fram við drengi og stúlkur frá unga aldri. Ef við lítum svo á að árásargirni drengja sé vegna „karllegs eðlis“ þeirra teljum við væntanlega gagnslaust að ætla að breyta þeirri hegðun. Því er mikilvægt að líta til kynjamótunar, þ.e. strákar hafa ekki fengið sams konar uppeldi og stúlkur hvað varðar möguleika til að þroska með sér hluttekningu og umönnunarhæfileika eins og stelpur (sem dregur frekar úr líkum á árásargirni t.d.).

## **1.2. Hvernig vinnum við með kynjabundnar staðalmyndir?**

Oft er þörf á sérstökum aðgerðum til að brjóta upp hefðbundnar kynjahugmyndir. Því er mikilvægt að starfsfólk leikskóla efla vitund sína um hvaða leiðir hægt sé að fara til að jafna stöðu kynjanna innan leikskólans.

Með því að gefa öllum börnum sömu möguleika á að vera jafngild í öllu leikskólastarfi án tillits til kyns getum við brotið þessi kynjahlutverk upp. Í starfi á leikskóla þarf að vera vakandi fyrir því að takmarka ekki hvað stelpur annars vegar og strákar hins vegar megi og geti heldur gefa öllum börnum jafna möguleika í öllu leikskólastarfi.

Mikilvægt er að jafnréttisaðgerðir beinist jafnt að málefnum drengja sem stúlkna. Dæmi um slíkar aðgerðir er að hvetja stelpur til líkamlegra átaka (s.s. púðakast, ærslaleikir) og að setja mörk (verja sig, taka málin í sínar hendur) og stráka til leikja sem krefjast þess að þeir þjálfí fínhyrfingar (s.s. föndra, perla), umönnun (hjálpa yngri börnum) og félagsfærni (s.s. hugga vin/vinkonu). Til að ná þessu fram, þarf að skapa aðstæður til þess í leikskólanum. Huga þarf að því að gera öll svæði aðgengileg fyrir bæði kyn. Strákar yfirtaka gjarnan hreyfisvæðin og ef bæði kynin eru þar á sama tíma hafa stelpurnar tilhneigingu til þess að draga sig í hlé. Það sama gerist gjarnan

með föndursvæði, sem oft eru yfirtekin af stelpum. Því má hugsa sér að skipta þessum svæðum (t.d. púðasvæði) jafnt á milli kynjanna t.d. með því að hafa suma daga fyrir stelpurnar og aðra daga fyrir strákana og enn aðra daga þar sem strákar og stelpur leika saman. Eins má fara að í föndursvæðum, hlutverkasvæðum og kubbassvæðum. Þannig brjótum við hægt og rólega niður það viðhorf að það sé „stelpulegt“ að perla, fönndra og leika sér í mömmó eða pabbó og „strákalegt“ að vera í púðakasti og ærslaleikjum. Við þurfum að veita drengjum og stúlkum frelsi til að gera allt jöfnum höndum og virða einstaklingsbundin áhuga þeirra á viðfangsefnum sem í boði eru án tillits til kyns.

### **1.3. Kröfur um karlmennsku og kvenleika**

Annað sem huga þarf að í jafnréttisstarfi er að setja ekki of miklar kröfur á drengi um karlmennsku þar sem þeir eiga að vera stórir og sterkir, mega ekki gráta eða leita huggunar. Losa þarf drengi undan þessu oki, leyfa þeim að vera blíðir og mjúkir og kenna þeim að leysa ágreining án líkamlegra átaka. Breyta þarf hugmyndum um karlmennsku. Það er líka karlmennska að vera góður við vin sinn og hugga hann. Á sama hátt þurfa stelpur að fá tækifæri til að finna sinn innri kraft og treysta á mátt sinn og megin.

Bæði karlar og konur þurfa að geta sýnt umhyggju, kjark og sjálfstæði, nota fín- og grófhreyfingar og svo mætti lengi telja. Þess vegna er mikilvægt að gefa börnum tækifæri til að rækta alla þessa eiginleika snemma, svo að þau eigi kost á að vera heilstæðar manneskjur með fjölbreytta færni alla skólagönguna.

## **2. Kynjaskipt og kynjablandað leikskólastarf**

Hægt er að fara ýmsar leiðir til að ná fram jafnrétti kynjanna í leikskólastarfi. Fyrst og fremst þurfum við að vera meðvituð um að jafnréttisstarf í leikskóla byrjar hjá fullorðna fólkinu. Með því að vera meðvituð/aður um að beina sjónum á einstaklingsbundin einkenni barnanna komum við jafnt fram við alla.

Nokkrir leikskólar hjá Leikskólum Reykjavíkur hafa aðhyllt kynjaskiptingu í lengri eða skemmri tíma í starfi sínu sem leið til að ná fram jafnréttismarkmiðum sínum. Ef sú leið er valin, þarf að huga að því hvernig þessari leið er beitt. Ekki er nóg að kynjaskipta barnahóp til þess að drengirnir geti leikið sér með kubbana og bílana og stelpurnar geti verið í friði með dúkkurnar og föndrið. Tilgangurinn þarf að vera sá að

auðga leik beggja kynja og með því að sjá til þess að bæði kyn noti öll svæði, hafi jafnan rétt á rými og athygli frá kennara og þjálfri fjölbreytta færni með sér, óháð kyni. Þegar unnið er með jafnréttisaðgerðir í kynjablönduðu skólastarfi þarf starfsfólk að vera meðvitað um þá hluti sem fram hafa komið hér að ofan, t.d. að vera meðvitað um að veita drengjum og stúlkum jafn mikið rými og athygli, hvetja drengi til fínhyfinga og stúlkur til grófhreyfinga o.s.frv. Með því að styðjast við gátlistann sem hér fer á eftir er stuðlað að jafnrétti í leikskólastarfi.

### **3. Karlar og konur í starfi í leikskólum**

Starfsfólk leikskóla er líkt og foreldrar og systkini fyrirmyndir í lífi barnanna, m.a. varðandi það hvað sé karlmannlegt og hvað sé kvenlegt. Sérhver starfsmaður þarf því að geta spilað á marga strengi og geta sýnt bæði karlmannlegar og kvenlegar hliðar, óháð eigin kyni og öðrum uppruna. Krafan um fjölbreytileika í fyrirmyndum verður að gilda ekki síður fyrir karla en konur.

Á leikskólum þar sem karlmenn starfa þarf að huga að því hvort tilhneiging sé til þess að karlmenn gangi frekar í tiltekin „karlleg“ störf. Þar kemur að konunum að hafa augun opin fyrir þessu. Þær mega ekki taka þessi tilteknu „kvenlegu“ störf af strákunum („Jói, þú skalt bara fara út með Sigga meðan ég skipti á Stínu“) og viðhalda þar með kynjabundnum staðalyndum.

Hvað börnin læra og hvernig þau þroskast fer ekki bara eftir því hvort karlar og konur eru til staðar. Það er ekki síður mikilvægt hvernig konur og karlar eru til staðar og hvernig þau birtast „sem karlar“ og „sem konur“.

### **4. Gátlisti**

Hér að neðan er að finna gátlista sem hægt er að styðjast við og getur hann veitt starfsfólki bæði leiðbeiningu og aðhald í jafnréttisuppeldi. Mikilvægt er að fara reglulega yfir þessi atriði til að minna okkur sífellt á hvernig við getum jafnað hlut kynjanna. Einnig er ráðlegt að styðjast við hann í umræðum um jafnréttismál, t.d. á starfsmannafundum. Æskilegt er að gátlistinn sem hafður til hliðsjónar í starfi og merkt í hann reglulega. Þannig er hægt að fylgjast með framförum sem verða í jafnréttisuppeldinu. Einnig getur verið gott að taka starf með börnunum upp á segulband eða myndband til að skoða sjálfan sig eða fá samstarfsmenn til að fylgjast með hegðun okkar og gagnrýna út frá gátlistanum.

## Gátlisti í jafnréttisstarfi

Barnið í leik	Merkið +/- eftir því hvað við á	
	Dags.	Dags.
Fá drengir og stúlkur jafn mikla athygli frá kennurum?		
Fá drengir og stúlkur jafn mikið rými í leik?		
Hafa kynin jafnan aðgang að grófhreyfisvæðum?		
Hafa kynin jafnan aðgang að fínhreyfisvæðum?		
Höfðar allt leikefnið til beggja kynja?		
Hafa kynin jafnan aðgang að kubbasvæðum?		
Hafa kynin jafnan aðgang að hlutverkasvæðum?		
Nota börnin útisvæðið jöfnum höndum?		
Eru sögur sagðar og söngvar sungnir um bæði kyn?		
Eru lesnar sögur um karla og konur í óhefðbundnum kynjahlutverkum?		
Eru lesnar bækur sem höfða jafnt til drengja og stúlkna?		
Eru bæði kynin að nota alla liti (rauðan, bláan, silfur, gull o.s.frv.)?		
Fá stelpur tækifæri til þess að reyna á sig líkamlega (hoppa, stökkva, öskra)?		
Eru áhugamál einstaklinga virt, burt séð frá kyni?		

Hvernig umgöngumst við kynin?	Merkið +/- eftir því hvað við á	
	Dags.	Dags.
Eru sömu viðmið notuð um hegðun drengja og stúlkna (t.d. að taka eftir, að hlusta, umgengni, kurteisi)?		
Fá strákar og stelpur samskonar hrós ( t.d. fyrir dugnað, kjark, hlýðni, snyrtimennsku, að hjálpast að o.s.frv.)?		
Hrósum við báðum kynjum fyrir útlit og fatnað (eða hrósum við frekar stelpum fyrir útlit og strákum fyrir kjark)?		
Fá stelpur þjálfun í að taka af skarið og fylgja ekki alltaf hópnum?		
Biður þú bæði kynin jafnt um aðstoð (t.d. við að leggja á borð, aðstoða aðra)?		
Er notað jafnt mjúkt málfar við stelpur og stráka þegar börnin eru ávörpuð?		
Ávörpum við bæði kynin með nafni?		
Eru umbun og refsing eins fyrir stráka og stelpur?		
Er eins tekið á reglubrotum hjá strákum og stelpum?		
Fá drengir tækifæri til þess að finna sínar mjúku hliðar(t.d. vera umhyggjusamir og hjálpa til)?		
Er talað um tilfinningar við bæði kyn?		
Eru kynin hugguð á sama hátt?		
Leyfist báðum kynjum að verða skítug?		
Er menningu kynjanna gert jafn hátt undir höfði (getur t.d. strákur verið prinsessa á öskudaginn og stelpur sjóræningjar eða ofurhetjur)?		

Kennarar sem fyrirmyndir	Merkið +/- eftir því hvað við á	
	Dags.	Dags.
Ef karlmaður vinnur á leikskólanum, gengur hann jafnt í öll störf?		
Ganga kvenkennarar jafnt í öll störf, þar sem starfa karlmenn?		
Ef hringja þarf í foreldra t.d. vegna veikinda, er hringt jafnt í móður og föður?		
Ef barn kennara sem á maka er veikt tekur þá makinn 50% af veikindum þess?		
Sýnum við umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika fólks og komum jafnt fram við alla óháð kyni, kynþætti, trúarbrögðum, kynhneigð, fötlun o.s.frv.?		

## 5. Hvatt er til fræðslu um jafnréttismál á leikskólum

Samþætta þarf jafnrétti í allt starf innan skólanna. Þar skipta viðbrögð og viðhorf fullorðna fólksins öllu máli. Regluleg fræðsla um jafnréttisuppeldi er því afar mikilvæg fyrir starfsfólk leikskóla. Í því sambandi mætti nefna að skólinn fengi fræðslu á námskeiðsdegi um jafnréttismál. Eins mætti gefa þessum málaflakki tíma á starfsmannafundum og deildarfundum þar sem farið væri í sjálfskoðun og umræður sem tengjast aðgerðum til að vinna með kynjabundnar staðalmyndir, hvernig stöndum við okkur, hvað mætti betur fara o.s.frv.. Munum að viðhorfsbreyting gerist innan frá og byrjar á okkur sjálfum!

## 6. Heimildir og ítarefni

Við gerð þessa bæklinga hefur verið stuðst við þær heimildir sem nefndar eru hér að neðan. Stjórnendur og starfsfólk leikskóla er hvatt til að kynna sér efnið betur. Mikið er til af spennandi rannsóknum og öðru efni tengt jafnréttisuppeldi sem vert er að lesa til frekari fróðleiks. Gangi ykkur vel!

Bredesen, O. 2003. *Nýir drengir og nýjar stúlkur – ný uppeldisstefna?* Þýð. Ingólfur V. Gíslason. Akureyri, Jafnréttisstofa. (aðgengileg á vefnum undir [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is))

Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir. 2002. *Jafnréttishandbókin*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 2004. *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*.

Margrét Pála Ólafsdóttir. 1992. *Æfingin skapar meistarann*.

Leikskólar Reykjavíkur. 2004. *Jafnréttisáætlun Leikskóla Reykjavíkur*.

Tesser, A. 1995. *Advanced social psychology*. New York: Mc-Graw Hill.